

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997, Bjólfsgata.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 21. september 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1977-1997, frá 30. mars 1978.

Breytingin felst í því að reitur milli lóða nr. 1 og 7 við Bjólfsgötu breytist frá því að vera svæði fyrir þjónustustofnanir í svæði fyrir blandaða landnotkun íbúðarbyggðar og verslunar- og þjónustusvæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Seyðisfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 21. september 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.